

# Starfsáætlun 2026

og áherslur næstu ára



# Efnisyfirlit

|     |                                        |        |
|-----|----------------------------------------|--------|
|     | Inngangur.....                         | bls. 3 |
| 1   | Stefna Hagstofu Íslands til 2027.....  | 4      |
| 2   | Gagnainnviðir.....                     | 6      |
| 3   | Forgangsröðun hagtalna.....            | 7      |
| 4   | Áherslur í hagtölugerð 2026.....       | 8      |
| 4.1 | Íbúar og mannfjöldi.....               | 8      |
| 4.2 | Atvinna og vinnumarkaður.....          | 8      |
| 4.3 | Samfélag og lífskjör.....              | 9      |
| 4.4 | Verðlag og vísitölur.....              | 10     |
| 4.5 | Atvinnuvegir og fyrirtæki.....         | 10     |
| 4.6 | Efnahagur og þjóðhagsreikningar.....   | 11     |
| 4.7 | Umhverfi og sjálfbærni.....            | 11     |
| 5   | Áherslur næstu ára í hagtölugerð.....  | 12     |
| 5.1 | Félagsmál.....                         | 12     |
| 5.2 | Efnahagsmál.....                       | 13     |
|     | Viðauki: Evrópskar tölfræðigerðir..... | 15     |

# Inngangur

Hagtölur eru grunnstoð í upplýsingakerfi samfélagsins og gegna lykilhlutverki í hagstjórn, stefnumótun og lýðræðislegu aðhaldi. Þær veita traustar, hlutlægar og samanburðarhæfar upplýsingar sem lýsa efnahagslegum og félagslegum veruleika ríkja. Á síðastliðnum 20 árum hafa þó gagnaparfir stjórnvalda aukist verulega ef marka má ýmis stefnuskjöl þar sem gert er ráð fyrir tiltæki hagtalna til að þróa og meta árangur stefnumiðaðra aðgerða<sup>1,2,3</sup>, auk fjölda alþjóðlegra skuldbindinga Íslands í hagtölugerð<sup>4</sup>. Þá hafa atburðir eins og kórónuveirufaraldurinn dregið fram mikilvægi þess að hagtölugerð sé sveigjanleg og að hagstofur gefi út tímanlegar hagtölur sem styðja við viðbragðsgetu stjórnvalda og snerpu þeirra í ákvarðanatöku<sup>5</sup>.

Hagstofa Íslands, eins og raunar margar aðrar hagstofur<sup>6</sup>, stendur frammi fyrir þeirri áskorun að svara auknum gagnapörfum og ákalli stjórnvalda og almennings um samræmda opinbera tölfræði. Á sama tíma er mikil þróun að eiga sér stað í uppbyggingu gagnainnviða íslenskra stofnana og fyrirtækja, sem skapar tækifæri til bættrar gagnaöflunar með hóflegri fyrirhöfn gagnaveitenda<sup>7</sup>. Því miður hefur þróun þessara innviða innan hagstofa, þar með talið Hagstofu Íslands, ekki fylgt á eftir. Þetta þýðir að hagnýting fjölbreyttra gagna og skilvirkni í hagtölugerð hefur ekki verið háværð sem skyldi og mörg tækifæri eru til úrbóta og þróunar, ekki síst með aukinni samhæfingu við gagnaveitendur. Þess vegna er mikil áhersla lögð á uppbyggingu samræmdra og trausta gagnainnviða í núgildandi stefnu Hagstofu Íslands<sup>8</sup>. Í henni er dregið fram að uppbygging innviða innan Hagstofunnar sé grundvöllur þess að stofnunin geti gert og birt aðgengilegar og áreiðanlegar hagtölur og tryggt þau samfélagslegu almannagæði sem í þeim felast.

Á sama tíma og innviðauppbygging á sér stað þarf Hagstofan að tryggja samfellu í útgáfu lykilhagtalna. Þetta þýðir að í sumum tilfellum þarf að forgangsraða hagstjórnarlega mikilvægum hagtölum umfram aðrar. Þetta er gert í því augnamiði að mikilvæg innviðauppbygging geti átti sér stað sem styður við hagtölugerð til framtíðar án þess að útgáfa lykilhagtalna raskist.

Í þessari starfsáætlun er gerð grein fyrir áherslum í hagtölugerð og uppbyggingu nauðsynlegra gagnainnviða innan Hagstofunnar næstu árin í samræmi við áherslur í núgildandi stefnu stofnunarinnar.

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Skapandi%20greinar%202024FINAL.pdf>

<sup>2</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt--myndir-og-skrar/ATRN/Fylgiskjol-med-frettum/final-ferdamalastefna.pdf>

<sup>3</sup> <https://stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrlur-og-skrar/Samfelag-okkar-allra-Framtid-og-stefna-Islands-i-malefnum-innflytjenda-drog-ad-stefnu-til-arsins-2038.pdf>

<sup>4</sup> ANNEX XXI

<sup>5</sup> [unece.org/sites/default/files/2025-07/The\\_Future\\_of\\_NSOS%2C\\_A\\_Call\\_to\\_Action\\_-\\_May\\_2025.pdf](https://unece.org/sites/default/files/2025-07/The_Future_of_NSOS%2C_A_Call_to_Action_-_May_2025.pdf)

<sup>6</sup> [Digital Transformation of National Statistical Offices \(EN\)](#)


<sup>7</sup> Sjá 6.gr. laga nr. 163/2007 sem kveður á um skyldu Hagstofu Íslands til að haga gagnasöfnun þannig að fyrirhöfn upplýsingagjafa sé hófleg.

<sup>8</sup> <https://hagstofas3bucket.hagstofa.is/hagstofan/media/public/2026/5ea8a511-a696-4b60-85e0-494ad6d7671c.pdf>

# 1 Stefna Hagstofu Íslands til 2027

Stefna Hagstofu Íslands 2025-2027 felur í sér þrjár framtíðaráherslur: aðgengilegar upplýsingar og þekking, samræmd högun upplýsinga og ferla og þekkingarmiðað starfsumhverfi. Með þjónustu, áreiðanleika og framsækni að leiðarljósi eiga þessar framtíðaráherslur að styðja við þá framtíðarsýn Hagstofunnar að vera framsækin þekkingarmiðstöð.

Mynd 1. Stefna Hagstofunnar til 2027



Hver framtíðaráhersla felur í sér undirmarkmið og tímasettar aðgerðir sem eru á skýrri ábyrgð tiltekinna eininga til að tryggja framgang stefnunnar. Tvær aðgerðir af þremur snúa að uppbyggingu innviða innan Hagstofunnar, annars vegar þekkingar og hins vegar tæknilegra gagnainnviða og ferla sem styðja við góða gagnahögun. Saman undirbyggja þær þriðju aðgerðina sem snýst um útgáfu aðgengilegra hagtalna í almannabágu og þjónustu sem tengist þeim.

Mynd 2. Framtíðaráherslur og markmið stefnunnar

# Framtíðaráherslur til 2027



|                                            |                                                                                                 |                                                                                                     |                                                                                  |                                                                                                       |
|--------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Aðgengilegar upplýsingar og þekking</b> | <b>Þekkja þarfir samfélagsins</b><br>Eiga virkt samtal og samráð við notendur og gagnaveitendur | <b>Bæta þjónustu</b><br>Þróa skýrar þjónustuleiðir og tryggja skilvirkni í þjónustu                 | <b>Auka virði hagtalna</b><br>Bæta samhengi hagtalna og endurskoða útgáfuleiðir  | <b>Viðhalda trausti</b><br>Auka sýnileika Hagstofunnar og efla tengsl við fjölmiðla                   |
| <b>Samræmd högun upplýsinga og ferla</b>   | <b>Styrkja gagnainnviði</b><br>Samræma gögn og innleiða kerfi sem styðja við samræmda högun     | <b>Samræma og sjálfvirknivæða ferla</b><br>Auka skilvirkni ferla og skjala í gæðakerfið             | <b>Virkja nýsköpun</b><br>Leggja áherslu á nýsköpun og umbætur og auka sýnileika | <b>Tryggja rekstraröryggi tækniinnviða</b><br>Efla öryggisvitund og staðla tækni- og rekstrarumhverfi |
| <b>Þekkingamiðað starfsumhverfi</b>        | <b>Auka samvinnu</b><br>Tryggja skýr hlutverk og ábyrgð eininga og efla teymisvinnu             | <b>Tryggja fagmennsku</b><br>Gefa umboð til athafna, byggja upp þekkingu og setja áherslu á árangur | <b>Styðja og hvetja</b><br>Leggja áherslu á hvetjandi stjórnun og samskipti      | <b>Byggja upp starfsumhverfið</b><br>Tryggja góð vinnuskilyrði og styðja við jákvæðan starfsanda      |

## 2 Gagnainnviðir

Á undanförnum árum hefur Hagstofan lagt áherslu á samræmda högun upplýsinga og ferla, fyrst með eflingu tæknilegra innviða og í framhaldinu með þróun nýrra gagnainnviða. Nýir gagnainnviðir fela í sér samræmda gagnahögun og skilvirka gagnaferla sem er ætlað að mynda traustan grunn fyrir aukna sjálfvirknivæðingu, stuðla að því að gögn nýtist í fleiri en einum tilgangi og flýta umbreytingu þeirra í verðmætar upplýsingar. Öflug gagnastjórnun er þar lykilatriði enda tryggir hún gæði og samræmi gagna sem skapar forsendur fyrir örugga og áreiðanlega nýtingu nýrrar tækni, svo sem gervigreindarlausna.

Gæði eru höfð að leiðarljósi í allri uppbyggingu gagnainnviða. Lögð er áhersla á virkt og skipulagt samstarf við gagnaveitendur, þar á meðal þá sem halda opinberar skrár. Slíkt samstarf er grundvallarforsenda þess að skráargögn séu rétt þar sem þau verða til og nýtist sem best í hagtölugerð.

Hagtölugerð byggir á fjölbreyttu og sívaxandi safni gagna sem eru ólík að uppruna, uppbyggingu og gæðum. Þar undir falla meðal annars stjórnsýslugögn, önnur skráargögn, úrtaksgögn, lýsigögn og flokkunarkerfi sem öll þarf að samhæfa með öruggum og samræmdum hætti inn í nýja gagnainnviði. Sú uppbygging er hafin og til að hraða framgangi verkefnisins þarf Hagstofan styrkingu á næstu árum. Áframhaldandi og markviss fjárfesting í gagnainnviðum er nauðsynleg til að auka skilvirkni hagtölugerðar og tryggja hagkvæmari nýtingu opinberra fjármuna til lengri tíma.

## 3 Forgangsröðun hagtalna

Hagtölugerð Hagstofu Íslands byggir að verulegu leyti á EES-skuldbindingum innan evrópskrar hagtölugerðar. Þessar skuldbindingar falla almennt vel að innlendum þörfum, en við upptöku gerðanna í EES-rétt og innleiðingu þeirra í íslensk lög fer fram greining sem tryggir réttmæta aðlögun að íslenskum aðstæðum. Samhliða evrópskum hagtölum sinnir Hagstofan einnig hagtölugerð sem byggir á séríslenskum þörfum, ýmist á grundvelli laga eða samninga við notendur. Gerð hagtalna tekur í öllum tilvikum mið af þeim gæðaviðmiðum sem gilda um hagtölugerð á alþjóðlegum vettvangi.

Starfsemi Hagstofu Íslands er háð þeim fjárheimildum sem Alþingi veitir hverju sinni, auk sértekna sem aflað er með sérvinnslum, samningum um tiltekna hagtölugerð og styrkjum frá Eurostat til afmarkaðra þróunarverkefna. Umfang og kröfur til hagtölugerðar hafa aukist umfram það svigrúm sem núverandi fjárheimildir veita og er því ekki unnt að sinna öllum verkefnum með óbreyttum hætti. Til að tryggja ábyrga nýtingu opinberra fjármuna og standa vörð um kjarnastarfsemi Hagstofunnar er því nauðsynlegt að forgangsráða verkefnum með markvissum og gagnsæjum hætti.

Í starfsáætlun er því greint á milli hagtalna sem eru í jákvæðum forgangi og almennra hagtalna samhliða því að greint er frá hagtölum sem eru í neikvæðum forgangi. Hagtölur í jákvæðum forgangi eru þær hagtölur sem teljast til kjarnaverkefna Hagstofu Íslands og hafa sérstakt vægi fyrir stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda. Lögð verður áhersla á að tryggja gerð þessara hagtalna innan fjárheimilda og færa til mannauð og aðrar bjargir eftir þörfum.

Til að rekstur stofnunarinnar rúmist innan fjárheimilda er samhliða nauðsynlegt að setja tilteknar hagtölur í neikvæðan forgang. Neikvæður forgangur felur í sér að umfang verkefna er dregið saman, birtingum fækkað, framsetning einfölduð eða verkefnum frestað tímabundið, í þeim tilgangi að skapa svigrúm sem þarf til að tryggja rekstur kjarnaverkefna. Forgangsröðun er endurskoðuð árlega í tengslum við undirbúning starfsáætlunar.

Starfsárið 2026 eru eftirfarandi hagtölur í jákvæðum forgangi: vísitala neysluverðs, þjóðhagsreikningar, utanríkisverslun, mannfjöldi, vinnumarkaður, laun og lífskjör og útgjöld heimila. Til að rekstur rúmist innan fjárheimilda verða eftirfarandi hagtölur í neikvæðum forgangi árið 2026: manntal, Tekjusagan, hagtölur um tímanotkun, hagtölur um nýjungar í rekstri fyrirtækja og um notkun upplýsingatækni á meðal fyrirtækja og einstaklinga, rannsókn á launakostnaði fyrirtækja og rannsókn á ferðavenjum einstaklinga. Aukin heldur verður unnið að einföldun verkefna þar sem því verður við komið svo sem í hagtölum um menntamál.

## 4 Áherslur í hagtölugerð 2026

Hér á eftir eru áherslur í hagtölugerð Hagstofu Íslands árið 2026 settar fram eftir efnisfloknum. Lýst er reglulegri framleiðslu, helstu verkefnum og þeim breytingum sem leiða af forgangsörðun og einföldun verkefna. Einnig er tekið mið af nýjum kröfum og stöðlum sem hafa áhrif á hagtölugerð. Markmiðið er að veita notendum yfirsýn yfir helstu afurðir og þróun í hagtölugerð á árinu.

### 4.1 Íbúar og mannfjöldi

Á árinu verður lögð áhersla á reglubundna framleiðslu og birtingu hagtalna um mannfjölda, búferlaflutninga, fjölskyldur og fædda og dána auk mannfjöldaspár.

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 16. maí 2026. Í tengslum við kosningarnar mun Hagstofa Íslands safna gögnum um kosningabátttöku og niðurstöður kosninga og vinna kosningaskýrslu í framhaldinu. Að sama skapi verður safnað upplýsingum um kosningabátttöku og niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi aðildarviðræður við Evrópusambandið og þær birtar sem kosningaskýrslur.

Samkvæmt samningi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið verður unnið að umbótaverkefni á sviði hagtalna um innflytjendur þannig að unnt sé að birta hagtölur sem nýtast stjórnvöldum í stefnumótun og ákvarðanatöku í málaflokknum.

Í ljósi umfangs forgangsverkefna og komandi lagabreytingar á sviði mannfjöldatölfræði verður undirbúningur manntals fyrir árið 2031 settur í minni forgang á árinu 2026. Áhersla verður þess í stað lögð á undirbúning að innleiðingu nýrrar EES-reglugerðar um mannfjölda- og húsnæðistölfraði sem kallar á aðlögun á skilgreiningum, gagnavinnslu og afhendingu gagna til Eurostat.

### 4.2 Atvinna og vinnumarkaður

Hagtölur um laun og vinnumarkað eru í jákvæðum forgangi á árinu. Áhersla verður lögð á reglubundna vinnumarkaðs- og launatölfræði sem styður við greiningu á þróun vinnumarkaðar og launa. Unnið verður að einföldun á framleiðsluferlum og samræmdri framsetningu upplýsinga, meðal annars í hagtölum um staðgreiðsluskyldar greiðslur og starfandi samkvæmt skrá.

Á árinu verður unnið að bættri gagnaöflun um veikindafjarvistir á vinnumarkaði og þróun tölfræði í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Takmörkuð samræmd gögn eru fyrirbyggjandi um umfang veikindafjarvista og munu umbætur hefjast fyrst á gagnasöfnun fyrir opinberan vinnumarkað og síðan fyrir almennan markað.

Til að skapa svigrúm fyrir þessar áherslur, verða Tekjusagan<sup>9</sup> og hagtölur um launakostnað fyrirtækja settar í neikvæðan forgang á árinu 2026. Í þessu felst að uppfærsla tekjüsögunnar verður frestað fyrir árið 2025 og sömuleiðis framkvæmd sérstakrar rannsóknar á launakostnaði fyrirtækja fyrir árið 2024 en Hagstofan mun áfram birta vísitölu launakostnaðar. Yfirstandandi umbætur í gagnaöflun um veikindafjarvistir munu í framtíðinni styrkja launakostnaðarrannsóknina.

### 4.3 Samfélag og lífskjör

Unnið verður að reglulegri framleiðslu og birtingu hagtalna um samfélag og lífskjör. Þar undir falla meðal annars hagtölur um aðstæður og stöðu fólks, húsnæðismál, ráðstöfunartekjur og lífskjör, menntun og ýmsa þætti samfélagsþróunar sem nýtast í stefnumótun og opinberri umræðu.

Á árinu verður lögð sérstök áhersla á úrvinnslu og birtingu gagna úr lífskjararannsókn Hagstofunnar en birtingar hafa verið takmarkaðar undanfarin ár.

Jafnframt verður unnið að hagtölum um menningu og menningarþátttöku en stefnt er að framkvæmd á rannsókn á menningarneyslu sem miðar að því að bæta upplýsingar um menningargreinar.

Unnið verður að einföldun gagnaöflunar og framsetningar á völdum sviðum, meðal annars í hagtölum um menntun og um tekjur, skuldir og eignir heimila sem byggja á gögnum úr skattframtölum. Markmiðið er að styðja við skilvirkari framleiðsluferla og skýrari miðlun.

Þá verður lögð áhersla á vinnu við samevrópska rannsókn á útgjöldum heimilanna (HBS) sem veitir upplýsingar um neyslu og útgjöld heimila og styður útreikninga á neysluviðmiðum í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðuneytið. Niðurstöðum rannsóknarinnar er einnig ætlað að bæta grundvöll vísitölu neysluverðs og einkaneyslu í þjóðhagsreikningum.

Í neikvæðum forgangi á árinu 2026 er rannsókn á upplýsingatækni einstaklinga.

<sup>9</sup> [Tekjusagan.is](https://tekjusagan.is) er gagnvirk upplýsingasíða sem var opnuð árið 2019 að frumkvæði forsætisráðuneytisins í samstarfi við þriðja aðila.

### 4.4 Verðlag og vísitölur

Vísitala neysluverðs er í jákvæðum forgangi á árinu 2026 og verður áfram unnin samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs þar sem framleiðsla og birtingar haldast óbreyttar í megindráttum. Áhersla verður lögð á stöðugleika, samfellu og gagnsæi.

Frá árinu 2026 verður flokkun útgjalda í vísitölu neysluverðs byggð á nýrri útgáfu neysluflokkunarinnar COICOP (Classification of Individual Consumption Expenditure According to Purpose). COICOP er alþjóðlegt flokkunarkerfi sem sundurliðar útgjöld heimilanna eftir vörum og þjónustu. Innleiðing nýrrar útgáfu COICOP styður við alþjóðlegan samanburð og er forsenda fyrir samræmi í framsetningu verðlagsupplýsinga.

Aðrar innlendar vísitölur, þar á meðal byggingarvísitala og vísitala framleiðsluverðs, verða til skoðunar með hliðsjón af notagildi, kostnaði og möguleikum til einföldunar í framleiðslu og birtingu.

### 4.5 Atvinnuvegir og fyrirtæki

Á árinu verður áfram unnið að reglulegri framleiðslu og birtingu hagtalna um atvinnuvegi og fyrirtæki. Þar undir falla meðal annars upplýsingar um fjölda og einkenni fyrirtækja, rekstur og afkomu, útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs, auk hagtalna sem byggja á fyrirtækjaskrá og öðrum skráum og gögnum sem lýsa þróun í atvinnulífinu.

Á árinu verður unnið að innleiðingu nýrrar útgáfu alþjóðlegrar atvinnugreinaflokunar, NACE Rev. 2.1, í fyrirtækjatölfræði og öðrum hagtölum þar sem flokkað er eftir atvinnugreinum. Atvinnugreinaflokkarnir taka reglulega breytingum sem taka mið af samfélagsbreytingum og þróun í viðskiptahagkerfinu. Íslensk atvinnugreinaflokkun verður uppfærð samhliða uppfærslu á NACE til að tryggja áframhaldandi samanburðarhæfni hagtalna. Jafnframt verður á árinu unnið að breyttri framsetningu upplýsinga um rekstur og afkomu veiða og vinnslu í sjávarútvegi.

Í neikvæðum forgangi á árinu 2026 eru rannsóknir um nýjungavirkni fyrirtækja og upplýsingatækninotkun fyrirtækja en auk þess verður ferðavenjurannsókn ekki framkvæmd.

### 4.6 Efnahagur og þjóðhagsreikningar

Á árinu 2026 eru þjóðhagsreikningar og hagtölur um efnahag þjóðarbúsins í jákvæðum forgangi. Áhersla verður lögð á gæði, samfellu og reglubundna birtingu talna um landsframleiðslu, utanríkisviðskipti og opinber fjármál.

Unnið hefur verið að endurbótum á þjóðhagsreikningum með það fyrir augum að þróa þá í þá átt að framleiðsluuppgjör verði megin uppgjörsaðferð (í stað ráðstöfunaruppgjörs) í samræmi við framkvæmd á Norðurlöndum og víðar í Evrópu. Á árinu er stefnt að því að hefja ársfjórðungslega rannsókn á meðal umsvifamestu fyrirtækja hagkerfisins í þeim tilgangi að styrkja gagnaundirlag þjóðhagsreikninga og stíga næstu skref í átt að ársfjórðungslegu framleiðsluuppgjöri. Samhliða verður áfram unnið að þróun uppruna- og ráðstöfunartaflna sem gegna lykilhlutverki í að samræma og tryggja gæði uppgjörs þjóðhagsreikninga frá bæði ráðstöfunar- og framleiðsluhlið.

Undirbúningur á öflun upplýsinga um iðgjöld og lífeyrisréttindi einstaklinga hefst á árinu til að vinna hagtölur um lífeyrisskuldbindingar. Gögnin munu jafnframt nýtast við rannsóknir á lífeyrismálum og stefnumótun stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum.

Jafnframt verður hafin vinna við að kortleggja áhrif fyrirhugaðra breytinga í ESA-staðli þjóðhagsreikninga sem taka eiga gildi 2030 til að undirbúa aðlögun að breyttum kröfum.

### 4.7 Umhverfi og sjálfbærni

Áhersla verður lögð á reglubundna framleiðslu og birtingu hagtalna um umhverfi og sjálfbærni. Þar undir falla meðal annars hagtölur um loftslagsmál, náttúruauðlindir og umhverfisáhrif efnahagsstarfsemi ásamt öðrum upplýsingum sem styðja við stefnumótun og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði umhverfismála.

## 5 Áherslur næstu ára í hagtölugerð

Árin 2027 og 2028 er fyrirsjáanlegt að vísitala neysluverðs og þjóðhagsreikningar njóti áfram jákvæðs forgangs samhliða því að nýjar innlendar þarfir og auknar alþjóðlegar skuldbindingar kalla á endurmat forgangsröðunar. Setja verður verulegan fyrirvara um fjárheimildir við endanlegar ákvarðanir.

Nýjar áherslur og hagtölur eiga í flestum tilvikum rætur að rekja til evrópskra reglugerða á sviði hagskýrslugerðar sem eru lagalega bindandi samkvæmt EES-samninginum. Ísland er með talsverða snjóhengju af uppsöfnuðum skuldbindingum sem ekki hafa verið innleiddar í þeim takti sem þær hafa orðið til. Alla jafna falla þessar hagtölur jafnframt vel að innlendum þörfum sem undirstrikar mikilvægi samræmdrar nálgunar Evrópusamstarfs í hagtölugerð. Í meðfylgjandi yfirliti eru dregin fram helstu svið þar sem verkefni og skuldbindingar liggja fyrir eða eru fyrirséð án þess að endanlegar ákvarðanir um umfang, tímasetningar eða framkvæmd hafi verið teknar. Sjá má nánari umfjöllun um evrópskar tölfræðigerðir í viðauka.

Forgangsröðun og útfærsla verkefna verður endurmetin reglulega í tengslum við árlega áætlanagerð, með hliðsjón af fjárheimildum, mannafla og þróun ytri krafna. Með þessum hætti er leitast við að tryggja jafnvægi á milli stöðugleika í kjarnastarfsemi og sveigjanleika til að bregðast við nýjum verkefnum og breyttum forsendum.

### 5.1 Félagsmál

Innan málaflokksins liggja fyrir verkefni sem fela í sér umfangsmiklar umbætur á lykilhagtölum og tengjast mannfjöldatölum, fólksflutningum, umsækjendum um alþjóðlega vernd og stöðu innflytjenda, bæði á grundvelli reglubundinnar hagtölugerðar, afmarkaðra samninga og samkvæmt EES-lagaskuldbindingum. Undirbúningur fyrir innleiðingu nýrrar rammareglugerðar um mannfjölda- og húsnæðistölfræði sem hefst árið 2026 felur í sér nýja og ítarlegri mannfjöldatölfræði auk reglulegra birtinga um húsnæði sem áður var eingöngu að finna í manntölum. Þá verður miðlun hagtalna í málaflokknum nútímavædd og birt á kortagrunnum.

Á næstu árum er fyrirsjáanleg aukin eftirspurn eftir tímanlegum og samanburðarhæfum hagtölum um vinnumarkað og laun sem styðja við stefnumótun stjórnvalda á sviði atvinnu og menntunar. Sérstaklega er horft til tíðari miðlunar upplýsinga um laun og launaþróun, svo sem með tíðari birtingu meðallauna og tengdra mælikvarða. Einnig er stefnt að því að ljúka umbótum við gagnasöfnun um veikindafjarvistir á vinnumarkaði og hefja reglubundinna útgáfu hagtalna.

Fyrir liggja þarfar umbætur á sviði samfélags- og lífshagkerfi sem byggja á rammareglugerð um félagsmálatölfræði. Sú reglugerð setur heildstæða og tímasetta áætlun fram til ársins 2029 um reglubundnar úrtaksrannsóknir meðal einstaklinga og heimila á sviði lífshaga og vinnumarkaðar, ásamt ítarlegri rannsókn um á útgjöldum heimilanna, heilsu, menntun og tímanotkun. Þessar hagtölur eru burðarás íslenskrar félagsmálatölfræði og lýsa íslensku samfélagi í alþjóðalega samanburðarhæfu samhengi. Unnið verður að því að uppfylla kröfur reglugerðarinnar betur og þá sérstaklega lífshagrarannsóknar Hagstofunnar (EU-SILC) en brestur hefur verið undanfarin ár á framleiðslu tímanlegrar lífshagratölfræði.

Verðtölfræði verður í jákvæðum forgangi hjá Hagstofunni og því sérstaklega hugað að því að gæði hagtálnanna séu tryggð. Framundan er innleiðing evrópskrar reglugerðar um húsnæðisvísitölur sem skilgreinir uppfærð viðmið fyrir gerð vísitölu húsnæðisverðs og vísitölu verðlags fyrir búsetu í eigin húsnæði. Reglugerðin mun bæta evrópska verðtölfræði tengda húsnæði bæði hvað varðar samanburð gagnvart upplýsingum um þróun húsnæðisverðs og búsetukostnaðar innan EES en samhliða því einnig íslenska verðtölfræði. Þessar umbætur kalla á verulega aukið umfang bæði gagnasöfnunar og úrvinnslu við gerð tengdra vísitalna.

### 5.2 Efnahagsmál

Á sviði atvinnulífs er fyrirséð að kröfur til fyrirtækjatölfræði muni aukast vegna nýrra rammareglugerða og breytts rekstrarumhverfis fyrirtækja (sjá viðauka). Innleiðing nýrrar rammareglugerða um fyrirtækjatölfræði, fiskveiðitölfræði, landbúnaðartölfræði og vinnumarkaðstölfræði fyrirtækja felur í sér endurhönnun gagna, breytingar á skilgreiningu þýðis þannig að það taki til allra launagreiðenda, aukna tíðni gagnaöflunar og auknar kröfur um gæði og samræmi. Ávinningurinn er ítarlegri og betri hagtölugerð um atvinnuvegina byggð á evrópskum lagakröfum sem um leið tryggir samanburðarhæfni hagtálnanna við opinbera tölfræði annarra ríkja innan EES.

Vandaðar hagtölur um atvinnuvegi Íslands eru augljóslega mikilvægar fyrir bæði stefnumótun stjórnvalda og atvinnulífið allt. Miklar nýjungar eru á döfinni á þessu sviði hagtölugerðar en forgangsraða þarf í samhengi við önnur stór verkefni á sviði hagtölugerðar.

Á sviði efnahagstölfræði er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun þjóðhagsreikninga, einkum í tengslum við uppbyggingu á ársfjórðungslegu framleiðsluuppgjöri og undirbúning fyrir fyrirhugaðar breytingar á ESA-staðli. Þessar breytingar byggja á alþjóðlegum skuldbindingum (SNA 2025) og fela í sér auknar kröfur til gagnaöflunar, samræmingar og greiningar, meðal annars frá stærstu fyrirtækjum landsins. Áhersla verður lögð á að undirbúa þessar breytingar með þátttöku í alþjóðasamstarfi um mótun á uppfærðum

stöðlum um þjóðhagsreikninga og samstarfi við lykil haghafa en þjóðhagsreikningar eru flaggskip opinberrar hagtölugerðar og því mikilvægt að upplýsa tímanlega og vel um allar breytingar.

Fyrirséð er að kröfur til hagtalna um umhverfi og sjálfbærni muni aukast, bæði vegna innlendra þarfa og alþjóðlegra skuldbindinga. Þegar eru umtalsverðar alþjóðlegar skuldbindingar útistandandi á sviðinu og þá sérstaklega hvað varðar evrópska orkutölfræði og umhverfisreikninga sem eru hliðarreikningar þjóðhagsreikninga. Málaflokkurinn gengur oft þvert á aðra málaflokka og snertir samhengi annarra hagtalna, meðal annars í tengslum við atvinnulíf og þjóðhagsreikninga. Innleiða þarf evrópska orkutölfræði fyrir Ísland en þær hagtölur munu varpa ljósi á orkuframleiðslu, orkunýtingu og orkuverð til atvinnulífs og heimila auk þess að setja þessar stærðir í samhengi við önnur ríki innan EES. Þetta er nýtt umfangsmikið verkefni sem mun krefjast aukinna fjárveitinga.

## Viðauki: Evrópskar tölfraeðigerðir

### Fyrirtækjatölfraeði

Rammareglugerð um fyrirtækjatölfraeði (EB) nr. 2019/2159 felur í sér endurhönnun á fyrirtækjatölfraeði þannig að tekið sé mið af rekstrarumhverfi samtímans.

Efnahagslegt umhverfi hefur gjörbreyst á síðustu áratugum og mikilvægt að fyrirtækjatölfraeði endurspegli áskoranir samtímans. Landamæri hafa orðið óljósari þar sem fjölþjóðafyrirtæki leita leiða til að lágmarka alheimsskattbyrði. Til að tryggja gæði efnahagstölfraeði er mikilvægt að auka skýrleika á því hvar efnahagslegt eignarhald liggur þannig að viðkomandi einingar teljist með í tölfraeði um efnahag einstakra ríkja.

Fyrirtækjatölfraeðin veitir upplýsingar um uppbyggingu, efnahagslega starfsemi og afkomu fyrirtækja, ásamt rannsókna- og þróunarstarfsemi þeirra og nýsköpun. Einnig eru birtar tölur um notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni og rafræn viðskipti, sem og um þátttöku í alþjóðlegum virðiskeðjum. Þá nær fyrirtækjatölfraeði yfir framleiðslu á iðnaðarvörum og þjónustu, alþjóðaviðskipti með vörur og þjónustu, auk grunninnviða tölfraeði á borð við landsbundnar fyrirtækjaskrár og evrópskrar fyrirtækjaskrár. Þessi tölfraeði er mikilvæg fyrir stefnumótendur og aðra notendur sem byggja ákvarðanatöku og greiningar á gögnum um fyrirtæki og atvinnulíf.

### Tölfraeði um fólksflutninga og umsækjendur um alþjóðlega vernd

Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2020/851 um hagtölur um fólksflutninga og alþjóðlega vernd eru settar fram kröfur um talnaefni sem varðar fólksflutninga með áherslu á alþjóðlega vernd, umsóknir um dvalarleyfi, tölur um brottvísanir og ólöglega dvöl og tölur um Dyflinarmál. Árin 2023-2024 var unnið að umbótum á gagnainnviðum málaflokksins og árin 2026-2027 verður opinber hagtölugerð um innflytjendur þróuð frekar í samstarfi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið. Byggt verður á þeim grunni við gerð og skil evrópskra hagtalna innan málaflokksins en ljóst er að mikilvægi hans mun síst minnka á næstu árum enda mjög kvikur.

### Félagsmálatölfraeði

Rammareglugerð um félagsmálatölfraeði (EB) nr. 2019/1700 felur í sér heildstæða áætlun um hagtölur um einstaklinga og heimili byggt á samræmdri framkvæmd á úrtaksrannsóknum hjá einstaklingum og heimilum árlega á sviði vinnumarkaðar, lífskjara og notkunar á upplýsingatækni; á fimm ára fresti um útgjöld heimilanna, sex ára fresti um heilsu, fullorðinsfræðslu og endurmenntun, og á tíu ára fresti um tímanotkun. Nánar er kveðið á um hvert efnissvið í sérstökum framkvæmdarreglugerðum sem saman gera grein fyrir sameiginlegum skuldbindingum EES-ríkja á sviði félagsmálatölfraeði. Um er að ræða metnaðarfulla áætlun sem gerir auknar kröfur um gæði, samræmi, tíðni og tímanleika auk þess að við bætast rannsóknir á sviði útgjalda og tímanotkunar.

Ítarleg og samræmd félagsmálatölfraeði hefur fjölþætt samfélagsleg áhrif í för með sér. Félagsmálatölfraeði nýtist ráðamönnum í upplýstri ákvarðanatöku í átt að velsældarhagkerfi og mati á árangri í þeim eignum. Mælingarnar nýtast til þess að fylgjast með þróun félagslegra málefna yfir tíma til að hægt sé að veita fjármagni í réttar áttir. Þar sem tölfraeðin er samræmd við önnur Evrópuríki nýtist það fyrir evrópskan samanburð sem setur niðurstöðurnar í betra samhengi og styður sameiginlegan skilning og samvinnu á milli EES-ríkja um félagsleg málefni. Að lokum getur tölfraeðin nýst almenningi og félagasamtökum til að fylgjast með stöðu mála með gagnsæjum hætti.

### Ný landbúnaðartölfraeði

Rammareglugerð um landbúnaðartölfraeði (EB) 2022/2379 setur heildstæðan ramma um tölfraeði landbúnaðarframleiðslu og aðfanga hennar. Tölfraeðin varpar ljósi á íslenska landbúnaðarframleiðslu og setur hana í samhengi við landbúnað annarra EES-ríkja. Gerðin samhæfir gagnasöfnun og gagnaskil fyrir fjölbreytt landbúnaðarverkefni: landbúnaðarrannsókn, hagreikninga landbúnaðarins, uppskeru og framleiðslu.

Rammareglugerðin um landbúnaðartölfraeði skiptist í fimm meginsvið: Tölfraeði um dýraafurðir, tölfraeði um uppskeru, verðupplýsingar í landbúnaði, tölfraeði um næringarefni og tölfraeði um plöntuvarnarefni. Með reglugerðinni er gagnasöfnun og gagnaskil samræmd fyrir alla landbúnaðartölfraeði óháð einstökum landbúnaðarverkefnum, sem styrkir heildarsýn á framleiðslu og aðföng í landbúnaði.

Þá er margt af þessari tölfraeði þegar í framleiðslu hjá Hagstofunni. Haft var samráð við matvælaráðuneyti (nú atvinnuvegaráðuneyti) við greiningu gerðarinnar og er tekið tillit til þeirra áherslna sem fram komu af hálfu ráðuneytisins.

### Orkutölfraeði

Ísland skilar að svo stöddu ekki orkutölfraeði og orkuverðtölfraeði til Eurostat til samræmis við önnur EES-ríki. Hagstofan, Orkustofnun og umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti hafa rætt tilhögun þessa málaflokks og eru aðilar sammála um að best sé að Hagstofan sjái um þessa tölfraeði líkt og aðra opinbera evrópska hagskýrslugerð. Með þessu hefur verið rofin tæplega áratugs kyrrstaða á innleiðingu evrópskrar orkutölfraeði og sjö reglugerðir<sup>10</sup> í orkutölfraeði verða í kjölfarið innleiddar. Orkutölfraeði er mikilvæg stærð fyrir hagtölur um atvinnuvegi og mun betri orkutölfraeði því gagnast bæði fyrirtækjatölfraeði og þjóðhagsreikningum. Þá verður svarað ákalli frá innlendum notendum eftir ítarlegri orkutölfraeði sem snýr ekki síst að hagtölum um orkuverð til atvinnustarfsemi.

<sup>10</sup> [2016/1952](#), [2017/2010](#), [2017/2169](#), [2019/803](#), [2019/2146](#), [2022/132](#) og [2024/264](#)

### Umhverfistölfræði

Reglugerð um evrópska umhverfisreikninga, (EB) 691/2011, setur sameiginlegan ramma fyrir söfnun, samantekt, gagnaskil og mat á umhverfisreikningum sem hliðarreikningum við þjóðhagsreikninga. Hún kveður á um aðferðafræði varðandi staðla, skilgreiningar, flokkanir og reikniskilareglur sem gilda um reikningana. Reikningarnir sameina upplýsingar um efnahag og umhverfi og mæla bæði framlag umhverfismála til hagkerfisins og áhrif hagkerfisins á umhverfið. Þeir sýna samspilið á milli efnahags-, heimilis- og umhverfispáttá og veita því betri upplýsingar en þjóðhagsreikningar einir og sér.

Með nýrri reglugerð (EB) nr. 2024/3024 bætast þrír umhverfisreikningar við þá sex sem voru fyrir þannig að alls verða þeir níu. Nýju reikningarnir eru: Reikningar fyrir umhverfisstyrki og sambærilegar tilfærslur, reikningar fyrir vistkerfið og reikningar fyrir skóga.

Með innleiðingu á þessari nýju reglugerð verða umhverfisreikningar ítarlegri og veita skýrari mynd af samspili hagkerfisins og umhverfisins. Innleiðing nýrra reikninga kallar á aukna gagnasöfnun, samræmingu og greiningu sem krefst töluverðs undirbúnings og samstarfs á milli stofnana. Reikningar fyrir vistkerfið munu auka þekkingu á vistkerfum og reikningar fyrir vistkerfið auka gagnsæi um það hvernig umhverfisstyrkir eru veittir. Með innleiðingu reikninganna munu notendur hafa aðgang að samanburðarhæfari og betri tölfraeði um umhverfismál sem leiðir til betri upplýsinga fyrir stefnumótun og ákvarðanatöku í umhverfismálum.

### Vístölur um húsnæði

Reglugerð (EB) 2023/1470 um húsnæðisvísitölu setur fram nákvæmar aðferðafræðilegar og tæknilegar kröfur um samræmda samantekt og gerð vísitölu húsnæðisverðs og vísitölu verðlags fyrir búsetu í eigin húsnæði í samræmi við reglugerð (EB) 2016/792. Markmiðið er að tryggja samræmda og áreiðanlega gagnasöfnun og útreikninga á verðbreytingum húsnæðis, með það að leiðarljósi að bæta samanburð á milli ríkja innan EES og stuðla að bættri efnahagslegri greiningu innan þess. Með reglugerðinni eru einnig gerðar nýjar eða uppfærðar kröfur um tilkynningar og framkvæmd gagnasöfnunar sem og gerðar breytingar á fyrri framkvæmdarreglugerð (EB) 2020/1148. Þetta stuðlar að stöðluðu eftirliti og meginreglum við vinnslu og miðlun gagna sem eru nauðsynlegar fyrir stefnumótun á sviði húsnæðismarkaðar og hagstjórnar.

Reglugerðin eykur samræmi, gæði og gagnsæi í öflun og úrvinnslu tölfraeðilegra upplýsinga um húsnæðisverð og markað fyrir húsnæði í eigu eigenda. Hún auðveldar þannig stjórnvöldum, hagfræðingum og stefnumótendum að greina þróun húsnæðismarkaða og veita viðeigandi upplýsingagrundvöll fyrir ákvarðanatöku og eftirfylgni með þróun húsnæðisverðs og aðgengi almennings að húsnæði.

### **Mannfjölða- og húsnæðistölfræði**

Rammareglugerð um mannfjölða- og húsnæðistölfræði (EB) nr. 2025/2458 felur í sér endurhönnun á mannfjölða- og húsnæðistölfræði og miðar að samþættingu þeirra upplýsinga sem hingað til hafa tilheyrt mannfjöldatölfræði annars vegar og manntali hins vegar.

Árlega skal skila umfangsmiklum greiningum um einstaklinga og heimili, þar með talið heimilisleysi. Árlegar töflur innihalda kyn, aldur, þjóðernisbakgrunn, hjúskaparstöðu, heimilisgerð og húsnæðisgerð. Mikil áhersla er á greiningar um innflytjendur. Greiningar eftir landssvæðum eins og NUTS3, km<sup>2</sup> kortareitum, þéttbýli og fleiri landfræðilegum skilgreiningum eru hluti af árlegum gagnaskilum. Helsti ágóði reglugerðarinnar fæst í samræmdum og tímanlegum upplýsingum um mannfjölða á Íslandi sem verða að fullu samanburðarhæfar við upplýsingar frá öðrum löndum í Evrópska hagskýrslusamstarfinu. Að auki verða til gagnasöfn sem nýtast greinendum og notendum sem vinna í stefnumótun á Íslandi en mikil eftirspurn er eftir nákvæmum og áreiðanlegum mannfjöldatölum á meðal íslenskra notenda, til dæmis niður á hnitsetta reiti landakorta.

### **Vinnumarkaðstölfræði fyrirtækja**

Reglugerð (EB) nr. 2025/941 um vinnumarkaðstölfræði fyrirtækja kveður á um sameiginlegan lagaramma fyrir þróun, framleiðslu og miðlun á vinnumarkaðstölfræði sem snýr að fyrirtækjum innan EES.

Í reglugerðinni er mikil breyting frá eldri útfærslum hagskýrslugerðar á þessu sviði þar sem framvegis á að afla gagna um fyrirtæki með einn eða fleiri starfsmenn en áður átti að skila upplýsingum fyrir fyrirtæki með tíu eða fleiri starfsmenn.

Hagstofan framleiðir þessa vinnumarkaðstölfræði í dag en með nýju reglugerðinni eru þýði rannsóknanna stækkuð þar sem nú verður safnað upplýsingum frá öllum fyrirtækjum með einn eða fleiri starfsmenn, tíðni í gagnaskilum augin sem og áhersla á skýr gæðaviðmið og gæðaskýrslur Eurostat. Þá verður rannsókn á launamun kynjanna árleg í stað þess að vera á fjögurra ára fresti.

Vinnumarkaðstölfræði mun verða ítarlegri og gæði hennar augin með þessari reglugerð sem er mikilvægt fyrir stjórnvöld, aðila vinnumarkaðarins, stefnumótendur og aðra notendur sem byggja ákvarðanatöku og greiningar á gögnum um fyrirtæki og atvinnustarfsemi.



Mars 2026

© Hagstofa Íslands  
*Statistics Iceland*

Borgartúni 21a, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími *Telephone* (+354) 528 1000  
Netfang *Email* [upplysingar@hagstofa.is](mailto:upplysingar@hagstofa.is)  
[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) – [www.statice.is](http://www.statice.is)

Ljósmynd á forsíðu eftir Jeremy Bishop, Unsplash  
Um rit þetta gilda ákvæði höfundarlaga. Vinsamlegast getið heimildar.